



# LAUFBLAÐIÐ

Félagblað Skógræktarfélaganna íslands

11. árg. 2002. 2. töl. kr. 499.-

## OPINN SKÓGUR

Aðgengi bætt að svæðum skógræktarfélaganna - Bls. 6





# SVIPMYNDIR AF VETTVANGI SKÓGRÆKTARFÉLAGANNA

Stærsta gróðursetningarverkefni skógræktarfélaganna í landinu eru Landgræðsluskógar. Á vettvangi þeirra eru gróðursettar árlega um 1 milljón trjáplantna. Lætur nærri að Landgræðsluskógarnir séu um fjórðungur allrar nýskógræktar í landinu undanfarinn áratug. Hafa nú verið gerðir samningar um tæplega 130 ræktunarsvæði, alls um 10.000 ha. Hér eru nokkrar svipmyndir af vettvangi.

Ássandur í Kelduhverfi Skógræktarfélag Norður-Þingeyinga hefur staðið fyrir skógrækt á Ássandi í Kelduhverfi undanfarin 10 ár. Árangur hefur verið afar góður, sérstaklega af gróðursetningu rússalerkis. Er skógur að vaxa þarna núna upp af tugum hektara. Núna í vor var gerður samningur um mun meira land á Ássandi Mynd: JGP.



Hraunsskógur í Vestmannaeyjum Skógræktarfélag Vestmannaeyja hefur starfað af miklum krafti frá því að það var endurreist fyrir nokkrum árum. Félagið hefur nú tæplega 30 ha land, Hraunsskóg, þar sem það hefur gróðursett með ágætum árangri undanfarid. Á svæðinu er gert ráð fyrir fjölbreyttum möguleikum til útivistar í framtíðinni. Á innfelldu myndinni sést ung sitkagreniplanta á svæði félagsins en á stærrri myndinni glæsilegt sitkagrenitré nærri ráðhúsinu í Eyjum. Það sýnir svo ekki verður um villst að þessi trjátegund getur vaxið þar með ágætum. Myndir: JGP.



Efri-Hreppur í Borgarfirði Skógræktarfélag Borgarfjarðar hefur staðið fyrir landgræðsluskógrækt í landi Efri-Hrepps í Skorradal. Mest hefur verið gróðursett af birki á svæðinu, sem greinilega er rýrt, þurrt og áveðra. Engu að síður er birkið hægt og bitandi að ná ágætum þroska á melunum þarna. Hér sést Guðmundur Þorsteinnsson formaður Skógræktarfélags Borgarfjarðar á svæðinu. Mynd: JGP.

Landgræðsluskógar í Vatna-  
Landgræðsluskógar í Vatnahverfi við Blönduós Í Vatnahverfi, nærri Blönduósi er eitt ræktunarsvæði Landgræðsluskóga. Hér sést Páll Ingbór Kristinsson formaður Skógræktarfélags A-Húsvetninga í vöxtulegum birkilundi í Vatnahverfinu. Mynd: JGP.



Vík í Mýrdal Skógræktarfélag Mýrdælinga hefur staðið fyrir töluverðri skógrækt ofan Víkur undanfarin ár. Þar hefur verið fríðað stórt landsvæði og er félagið búið að gróðursetja í töluverðan hluta þess. Á myndinni sjást tveir forkólfar skógræktarstarfsins í Mýrdalnum, Sigurgeir Ísaksson læknir og Brandur Guðjónsson formaður félagsins. Benda má lesendum sérstaklega á alaskaviðinn sem teygir sig upp að baki þeirra. Þetta er klónn sem

kallast Hlaða (*S2B*, *S.a. ssp. longistylis*) en hefur gengið undir söluheitinu Yakutaviðir. Klóninn er úr söfnun Hauks Ragnarssonar frá 1963 og hefur gengið afar vel í ræktun um allt sunnan- og vestanvert landið. Einnig veit Laufblöðungur af klóninum í góðum vexti nærri ströndinni norðanlands. Þessum klóni þarf að gera miklu hærra undir höfði. Mynd: JGP.



Sandar í Dýrafirði Eitt stærsta Landgræðsluskógasvæðið á Vestfjörðum er á Söndum í Dýrafirði. Þar hefur Skógræktarfélag Dýrfirðinga staðið fyrir mikilli skógrækt og er árangur núna að koma vel í ljós. Hér sést Dýrfirðingurinn Brynjólfur Jónsson við fallett sitkagrenitré á Söndum. Mynd: JGP.

**Forsíða:** - Mynd: JGP.

Alaskaaspirnar glæsilegu í Múlakoti í Fljótshlíð. Þær voru orðar um 10 m háar árið 1963, kól þá niður í rót og eru síðan búnar að vaxa í um 20 m hæð. Frábær vöxtur.

Lesendur hafa væntanlega tekið eftir því í sumar að óvenju mikið fræ hefur verið á alaskaöspinni. Hvítir fræskaflar eru ekki óalgeng sjón í nágrenni aspartjrjáa, Væntanlega á alaskaösp eftir að nema land af sjálfsdádum víða um land í framtíðinni.



Fréttablað Skógræktarfélag Íslands, 11. árgangur. 2. tölublað 2002. Gefið út í 7000 eintökum.

Laufblaðið er sent endurgjaldslaust til allra félagsmanna í skógræktarfélagnum. Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi færð þú Laufblaðið og Frækornin send heim reglulega.

- Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands, Ránargötu 18, 101 Reykjavík, sími: 551-8150, heimasíða: www.skog.is, netfang: skogis.fel@simnet.is
- Ritstjóri: Jón Geir Pétursson skógfræðingur, netfang: skogis.jgp@simnet.is  
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.
- Ábyrgðarmaður: Brynjólfur Jónsson.
- Prentvinnsla: Viðey ehf.



- Stjórn Skógræktarfélag Íslands, kjörin á aðalfundi 2001: Formaður Magnús Jóhannesson, varaformaður Vignir Sveinsson, gjaldkeri Sigríður Jóhannsdóttir, ritari Þorvaldur S. Þorvaldsson, meðstjórnendur: Ólafía Jakobsdóttir, Sigurður Arnarson, Þuríður Yngvadóttir. Varamenn: Hólmfríður Finnbogadóttir, Vilhjálmur Lúðvíksson, Guðbrandur Brynjólfsson.

**Heimasíður skógræktarféлага**

- Skógræktarfélag Íslands, www.skog.is
- Skógræktarfélag Reykjavíkur, www.skograekt.is
- Skógræktarfélag Stykkishólms, www.simnet.is/forest/
- Skógræktarfélag Eyfirðinga, www.est.is/kjarni
- Skógræktarfélag Garðabæjar, www.gardabaer.is

Nánari upplýsingar um skógræktarfélagin í landinu og formenn þeirra er að finna á heimasíðu Skógræktarfélag Íslands. Einnig má benda á heimasíður Skógræktar ríkisins, www.skogur.is. Héraðsskóga www.heradsskogar.is og Landgræðslu ríkisins, www.land.is

**VERDLAUNAKROSSGÁTA LAUFBLAÐSINS 2002/1**  
 Þemað í gítanni þessu sinni er Alaska. Launaroefið síðustu gáta var "Íllmur". Dreigið hefur verið úr réttum launum. Vinningshafi er: Sigrún Guðmundsdóttir, Kirkjuból, Djúrafirði, 471 Þingeyri. Hún á von á Frakornsmöppu með öllum útkomnum Frækornum í pötinum. Réttar lausnir sendit til: Skógræktarfélag Íslands, c/o krossgítan, Ránargata 18, 101 Reykjavík. Ein vegleg verðlaun verða veitt að þessu sinni.

**Félagsskírteini skógræktarfélaganna**

Allir félagsmenn í skógræktarfélagnum geta nú fengið skírteini sem veitir ágætan afslátt hjá nokkrum fyrirtækjum. Hafið samband við viðkomandi formann til að fá nánari upplýsingar.

**Eftirtalin fyrirtæki veita félögum afslátt með framvísun skírteinisins árið 2002**

Barri, Egilsstöðum	10%
Blómaval	10%
Frjó	10%
Garðheimar	10%
Húsasmíðjan	11 %
Kjarni, Akureyri	10%
Nátthagi, Ölfusi	10%
Skógræktarfélag Hafnarfjarðar	15%
Ölur, Sólheimum, Grímsnesi	15%

**Látið ekki Frækornin fjúka burt!**

Þú getur eignast sérmerka safnmöppu með öllum útkomnum Frækornum (núna 16 stk.). Mappan kostar nú á sérstöku sumartilboði til félagsmanna fram til 1. sept. 2.900 kr. (póstburðargjald innifalið). Panta má möppuna á skrifstofu S.Í. í síma 551-8150 eða skogis.fel@simnet.is og við sendum hana um hæl. Enginn sumarbústaður má vera möppulaus. Félagsaðild í skógræktarfélagi tryggir þér síðan 2-3 ný Frækorn á ári í safnið.



styrkja skógrækt á Íslandi

EYÐILEGGIÐ EKKI ALASKAASPIRNAR MEÐ STÝFINGU

Töluvert hefur borið á því að undanförunu að garðeigendur og garðyrkjumenn toppstýfi stórar alaskaaspir í gördum. Afar mikilvægt er að fólk geri sér grein fyrir því hvaða afleiðingar þetta hefur í för með sér. Þetta getur auðveldlega valdið varanlegum skemmdum á gömlum trjám. Á meginlandi Evrópu er gömul hefð fyrir því klippa ofan af trjám og halda þeim þannig í ákveðinni hæð. Kallast aðferðin á ensku „pollarding“ sem hefur verið kölluð stýfing eða kollun hér á landi.



Fallega klipptar alaskaaspir (eða balsamaspir) í miðborg Viborg í Rússlandi. Þessi klipping kallast „pollarding“ og er algeng í garðrækt í Evrópu. Þetta form fæst ekki nema með reglulegri klippingu trjánna. Vanhugsaðar toppstýfingar geta hins vegar eyðilagt trén. Mynd: JGP.

Til þess að fá þetta form á trén þarf hins vegar að klippa þau reglulega. Einnig er yfirleitt mælt með því að byrja klippingarnar á trjánnum ungom. Ekki er nóg að höggva bara ofan af trjánnum, ekki síst ef um er að ræða gömul tré. Laufblaðið vill vekja athygli lesenda á að fara varlega í þessum efnum.

GRÓÐURSETT Í ÓSHLÍÐ

Í síðasta Laufblaði var sagt frá göðum árangri við sáningu lúpínu í Óshlíðina og bent á mikilvægi þess að hefjast handa við ræktun trjágróðurs samhliða því.



Starfsmenn Vegagerðarinnar á Ísafirði og Skógræktarfélags Íslands gróðursettu um 500 plöntur í Óshlíð núna í júní. Það var gert með öflugum plöntuhökum, eins og þeir sjást munda á myndinni. Efstu plöntur voru gróðursettar nærri skóflunum sem sjást efst á myndinni. Mynd: JGP.

Núna í júní gekkst Vegagerðin á Ísafirði fyrir því að láta planta á nokkra staði í Óshlíðinni. Gróðursett var í 5 blokkir, neðan frá þjóðvegi og allt upp í um 200 m hæð. Reyndar voru eftirfarandi trjátegundir: birki, sitkagreni, sitkaelri, alaskaösp „salka“, jörfavíðir „taða“ og alaskavíðir „gústa“, „oddur guli“ og „töggur“.

Verður fróðlegt að fylgjast með viðgangi þeirra við þessi erfiðu skilyrði næstu árin.

ÞÖKKUM EFTIRTÖLDUM STUÐNINGINN

Reykjavík

- Úti og inni sf
- Námsflokkar Reykjavíkur
- Landslag ehf
- Dagvist barna
- Ísbú alþjóðaviðskipti ehf
- Ríkisendurskoðun Hreinsunardeild, umhverfis og heilbrigðisstofa
- Landslög ehf
- Teiknistofa Ingimundar Sveinssonar
- Rafiðn ehf
- Árvakur hf
- Verzlunarmannafélag Reykjavíkur
- Endurvinnslan hf
- Johan Rönning hf
- Meistarafélag húsa-smíða
- Gesthús Dúna
- Oliuverzlun Íslands hf
- Garðyrkjudeild, umhverfis og heilbrigðisst.
- Rafmagnsveitur ríkisins
- Fönix ehf, heimilistækjaverslun
- Rafteikning hf
- Véltjórafélag Íslands
- Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Ottó B. Amar ehf

- Félag íslenskra hljómlistarmanna
- Björn Traustason ehf
- Ferðaskrifstofa Íslands
- Securitas hf
- Ísól ehf
- Þ. Þórgímsson og Co
- List og saga ehf
- Feró sf
- Björn og Guðni sf
- Steypastöðin ehf
- Björgun ehf
- Blómabúð Grafarvogs
- Moldarblandan - Gæðamold hf
- RST Net ehf
- Bílastjarnan
- Við og Við sf
- lónaðar- og viðskiptaráðuneytið

Seltjarnarnes

- Umhverfisnefnd Seltjarnarnes

Kópavogur

- Byggingaþjónustan ehf
- Garðyrkja ehf
- Verkfræðistofa Snorra Ingimarssonar ehf
- Kambur ehf





# MIKIL ÞÁTTTAKA Í FRÆÐSLUSAMSTARFINU VIÐ BÚNAÐARBANKANN

Góð þátttaka hefur verið í flestum liðum fræðslusamstarfs skógræktarfélaganna og Búnaðarbankans það sem af er árinu. Nefna má nokkur helstu atriði þess.

Haldin voru 3 opin hús í Mörkinni í vetur og sóttu þau alls um 350 manns. Námskeið fyrir áhugafólk í skógrækt með Birni Jónssyni, fyrrv. skólastjóra, slógu aðsóknarmet í vor, en haldin voru alls 5 námskeið með um 200 þátttakendum. Ágætt þátttaka var í skógræktarnámskeiði í fjarnámi og einnig voru haldin fræðsluerindi á um 15 fundum skógræktarfélaganna víðsvegar um landið. Skógargöngur hafa farið vel fram í sumar og lætur nærri að um 700 manns hafi tekið þátt í þeim.

Núna í haust verður þráðurinn tekinn upp aftur og verður fyrsta opna húsið í Mörkinni þann 17. september, þar sem Jónas Jónsson mun fjalla um skógrækt í Köldukinn. Einnig verða skógargöngur á laugardögum þar sem skoða á gömul og áhugaverð tré í borgum og bæjum.



Skógræktarfélagin í Kópavogi, Kjósarsýslu, Kjalarnesi og Mosfellsbæ eiga sameiginlega skógræktarjörðina Fossá í Hvalfirði. Þar var haldin fjölmenn skógarganga núna í sumar og var hún liður í fræðslusamstarfi skógræktarfélaganna og Búnaðarbankans Mynd: JGP.



**Yfirborðsefni í beð, blómaker og göngustiga**  
Viðarkurl er framleitt í 6 litum:  
Rautt, blátt, ólitað, brúnt, gyllt og grænt.  
8 cm jafnþykkt lag hindrar illgresivöxt.  
Viðarkurl læst í öllum helstu blóma- og garðvöruverslunum landsins.




## NÝTT SKÓGRÆKTARFÉLAG

Skógræktarfélag Þorlákshafnar og Ölfuss



Fjölmenni var í Grunnskólanum í Þorlákshöfn á stofnfundi Skógræktarfélag Þorlákshafnar og Ölfuss. Mynd: JGP.

Í vor var haldinn í Þorlákshöfn fjölsóttur stofnfundur skógræktarfélag Í Ölfusi. Félagið hyggst meðal annars beita sér í skógrækt og landgræðslu á söndunum ofan við Þorlákshöfn. Þar hefur verið gróðursett töluvert undanfarin ár með góðum árangri og því áhugavert að reyna að stórauka þær framkvæmdir. Ættu vegfarendur að taka eftir vöxtulegum trjám á vinstri hönd þegar ekið er í átt að Þorlákshöfn. Einnig hyggst félagið beita sér fyrir aukinni skógrækt á starfssvæðinu og fyrir aukinni trjærækt í Þorlákshöfn.



# OPINN SKÓGUR

Aðgengi bætt að svæðum skógræktarfélaganna með öflugum stuðningi OLÍS og ALCAN á Íslandi (ÍSAL)



## Opinn skógur

Skógræktarfélag Íslands hefur ásamt tveimur öflugum samstarfsaðilum hleypt af stokkunum nýju verkefni sem kallast „Opinn skógur“. Markmið þess er að vinna að bættu aðgengi almennings að skógum skógræktarfélaganna um landið, þar sem leitað hefur verið eftir stuðningi öflugra fyrirtækja til þess að leggja félagunum lið í þessu brýna verkefni sem kallar á mikla vinnu og fjármuni.

milljón gesta á ári. Vaxa þessar tölur jafnt og þétt með skóginum. Öll svæði félaganna eiga það sammerkt að þau eru opinn almenningi til útivistar.

## OLÍS og ALCAN á Íslandi (ÍSAL) ganga til liðs við verkefnið

Nú hafa tvö öflug fyrirtæki, OLÍS og ALCAN (ÍSAL) ákveðið að ganga til liðs við

verkefnið og taka þátt í því næstu árin. Fleiri fyrirtæki hafa sýnt því áhuga að leggja verkefninu Opinn skógur lið og mun það skýrast á næstunni hvað úr því verður.

Ákveðið hefur verið að opna fyrsta svæði Opinna skóga með hátíðlegum hætti í Daníelslundi í Borgarfirði laugardaginn 17. ágúst. Undirbúningur framkvæmda á öðrum svæðum hefst síðan á haustdögum. Í fyrsta áfanga verkefnisins verður lögð áhersla á

## Útivist nýtur vaxandi vinsælda meðal almennings

Fjöldi heimsóknna í skóglendi skógræktarfélaganna sýnir að þau eru ein vinsælustu útivistarsvæði landsins. Í Kjarnaskógi Skógræktarfélagas Eyfirðinga við Akureyri koma árlega um 150.000 gestir og á svæði Skógræktarfélagas Reykjavíkur, Heiðmörk, koma um 300.000 gestir árlega. Eru þá ótalin öll önnur vinsæl svæði félaganna um allt land. Varlega má áætla að komufjöldi í skóglendi skógræktarfélaganna sé hátt í ein





bætt aðgengi almennings að eftirtöldum 6 svæðum:

**Sólbrekkur, Svæði Skógræktarfélags Suðurnesja**

Sólbrekkur er vel þekkt, fallett skógarsvæði á Suðurnesjum. Þar hefur verið stunduð skógrækt í 40 ár. Þar hafa einnig verið gróðursettir tugir þúsunda plantna á vegum Landgræðsluskógaverkefnisins undanfarin 10 ár.

**Daníelslundur í Svignaskarði, Svæði Skógræktarfélags Borgarfjarðar**

Skógrækt hefur verið stunduð í Daníelslundu í um 40 ár með góðum árangri. Svæðið er vel staðsett við þjóðveg 1. Unnið er að því að bæta aðstöðu í skóginum með nýrri aðkomu, stígum og öðru sem þarf til að auðvelda aðgengi almennings.

**Tunguskógur, Svæði Skógræktarfélags Ísafjarðar**

Þetta er þekkt útivistarsvæði innan Ísafjarðar sem þarf að bæta enn frekar. Skógurinn í hlíðum Tungudals er orðinn afar vöxtulegur og býður upp á skemmtilega útivistarmöguleika.

**Hrútey í Blöndu, Svæði Skógræktarfélags A-Húnvetninga**

Hrútey í ánni Blöndu við Blönduós er fólkvangur friðaður árið 1975. Þangað var lögð göngubrú árið 1988. Þar er stefnt að því að bæta aðgengi almennings í samræmi við þær reglur sem gilda um umgengni á svæðinu.

**Reyðarfjörður, Svæði Skógræktarfélags Reyðarfjarðar**

Á Reyðarfirði hefur verið stunduð mikil skógrækt undanfarin ár. Skógræktarfélag Reyðarfjarðar hefur plantað í stórt svæði í nágrenni bæjarins sem nú er farið að vaxa vel. Stefnt er að því að gera svæðið aðgengilegt til útivistar.

**Snæfoksstaðir í Grímsnesi, Svæði Skógræktarfélags Árnesinga**

Þessi stóra jörð Skógræktarfélags Árnesinga er vel staðsett í Grímsnesinu. Þar hefur félagið ræktað skóg á hundruðum hektara með góðum árangri. Svæðið býður upp á mjög fjölbreytta möguleika til útivistar.



**ÞARFAÞING**

**Úrvals hakar til gróðursetningar í erfiðu Landi**



Jón Loftsson skógræktarstjóri gróðursetur með skógarhaka í Finnlandi. Þar eru þessi gróðursetningarverkfæri algeng (Mynd JGP).

Þegar gróðursetja á í bratt, skriðurunnið eða grýtt land vill Laufblaðið benda lesendum á úrvals haka sem fást í gróðurvöruverslunum. Jarðvinnslan sem fæst þannig veldur því að slík gróðursetning er yfirleitt mjög góð. Með þessum öflugum hökum er hægt að vinna landið vel og skapa plöntunum góð vaxtarskilyrði .





# SKÓGURINN Á HEIÐMÖRK KORTLAGÐUR

Nú er unnið að kortlagningu á Heiðmörk, útivistarskógi höfuðborgarbúa. Að frumkvæði Skógræktarfélags Reykjavíkur voru skógræðingar frá Skógræktarfélagi Íslands fengnir til þess að kortleggja skóginn á Heiðmörk. Á grundvelli þeirra upplýsinga verður hægt að skipuleggja grísjun og hirðingu skógarins til framtíðar. Þá verður kortlagningin grunnur að deiliskipulagi Heiðmerkur.

Komið hefur í ljós við kortlagninguna að skógurinn á Heiðmörk er fjölbreyttur og í

góðum vexti. Einnig að miklar breytingar hafa orðið á svæðinu við friðun og ræktun undanfarna áratugi. Birki og víðikjarr er í mikilli útbreiðslu og umfangsmikil rofsvæði að gróa upp. Eldri lúpínubreiður eru víða að breytast í blómlendi þar sem blágresi, ætíhvönn, fjólor og umfeðmingur sækir fram. Einnig nemur trjágróður land í lúpínunni.

*Guðmundur Örn Arnarson skógræðingur vann að trjásmælingunum með greinarhöfund og myndin er tekin við það tækifæri. Guðmundur er í sérstöku skógarannsóknavesti, búnu helstu mælitækjum, s.s. trjáhæðarmæli, málbandi og klafa til að mæla þvermál trjábola. Skrifborð er áfast vestinu. Mynd: EG.*



## POKASJÓÐUR VERSLUNARINNAR STYRKIR SKÓGRÆKTARFÉLÖGIN MYNDARLEGA

Nú í sumar úthlutaði Pokasjóður verslunarinnar umtalsverðum fjármunum til skógræktarfélaganna. Í sjóðinn rennur sem kunnugt er söluandvirði plastburðarpoka í verslunum, en merki á haldi pokans segir til um það hvort verslunin greiðir til sjóðsins. Til ýmissa verkefna á vegum félaganna var úthlutað samtals kr. 5.000.000 og til Vinaskógar á Þingvöllum var úthlutað kr. 2.000.000.

Þessi myndarlegi stuðningur sjóðsins skiptir starfsemi skógræktarfélaganna afar miklu máli.

### Umhverfissjóður verður Pokasjóður


Umhverfissjóður verslunarinnar hefur verið starfræktur frá árinu 1995 eða í rúmlega 6 ár. Á þessum tíma hefur sjóðurinn úthlutað samtals nærri 150 milljónum til verkefna á sviði umhverfismála. Þann 1. janúar 2002 varð sú breyting á að nafni sjóðsins var breytt í Pokasjóður verslunarinnar og um leið fékk sjóðurinn nýtt hlutverk. Pokasjóður mun ekki eingöngu úthluta fé til umhverfismála heldur einnig til annarra verkefna sem heyra undir almannahéil. Má þar nefna verkefni eins og umhverfismál, menningu, listir, íþróttir og mannúðarmál.

*Skógræktarsvæði Skógræktarfélags Djúpvogs er eitt þeirra sem hafa fengið stuðning úr Pokasjóði (áður Umhverfissjóði) verslunarinnar undanfarnin ár. Þar hefur verið unnið markvisst að skógrækt á stóru svæði, auk þess að bæta aðgengi að gamla skóginum. Skógurinn er nú orðinn afar aðgengilegur og öll aðstaða til fyrirmynda. Á myndinni sjást þær Ragnhildur Gardarsdóttir formaður og Anna Sigrún Gunnlaugsdóttir gjaldkeri í skóginum. Mynd: EG.*

## „Embla“

er kynbætt birki. Afrakstur kynbótasamstarfs Markar, Gróðurbótafélagsins og Þorsteins Tómassonar forstjóra Rala. Öll ágræðsla móðurefnis og framleiðsla Emblu-fræja fer fram í Mörk.

Allt birki sem selt er í Gróðrarstöðinni Mörk er „Embla“. Til í öllum stærðum frá skógarplöntum og uppúr.



## Kostir „Emblu“

„Embla“ hefur þá ríkjandi eiginleika að vera beinstofna tré með einn leiðandi ljósan stofn. Hraðvaxta og harðgert.

Þar sem tréin eru ræktuð Yfir 30 ára reynsla Hjá okkur færðu faglega ráðgjöf.



GRÓÐRARSTÖÐIN  
**Mörk**

STJÖRNUGRÓF 18, SÍMI 581 4288, FAX 581 2228

Sækið sumarið til okkar

[www.mork.is](http://www.mork.is)





## ÞÖKKUM EFTIRTÖLDUM VEITTAN STUÐNING

### Hafnarfjörður

Hagvagnar hf  
Ísboltar hf

### Keflavík

Tannlæknastofa Einars og  
Kristínar  
Fasteignasalan Ásberg ehf  
Samkaup hf

### Keflavíkflugvöllur

Flugmálastjórn  
Keflavíkflugvelli

### Grindavík

Grindavíkurborg

### Mosfellsbær

Mottó ehf  
Reykjabúið hf

### Akranes

Magnús H Ólafsson arkitekt  
Sementsverksmiðjan hf  
Haraldur Böðvarsson hf  
Inni-Akraneshreppur

### Borgarnes

Framköllunarþjónustan ehf

### Borgarbyggð

Bókhalds- og tölvuþjónustan sf  
Landbúnaðarháskólinn  
Jörvi hf, vinnuvélar  
Skorradalshreppur

### Reykholzt

Borgarfjarðarsveit

### Búðardalur

Dalabyggð

### Króksfjarðarnes

Reykhlólahreppur

### Ísafjörður

Ísafjarðarapótek

### Patreksfjörður

Skógræktarfélag Patreksfjarðar

### Tálknafjörður

Tálknafjarðarhreppur

### Hvammstangi

Vélaverkstæði Hjartar  
Eirikssonar sf

### Blönduós

Apótek Blönduóss

Rafmagnsverks. Neistinn ehf

### Sauðárkrúkur

Fríðrik Jónsson ehf  
Kaupfélag Skagfirðinga

### Varmahlöð

Lambeyri ehf

### Akureyri

Véla- og stálsmiðjan ehf  
H.Á. teiknistofa  
Verkfæðistofan Raftákn hf

### Dalvík

Daltré ehf

### Hrísey

Hríseyjarhreppur

### Húsvík

Skagaströnd

Langanes hf

Húsvíkurborg

Garðyrkjustjóri Húsvíkur

### Laugar

Þingeyjarsveit, Kjarna  
Ferðaþjónustan Narfastöðum

### Raufarhöfn

Hótel Norðurjós

### Egilsstaðir

Verkfæðistofa Austurlands  
Bókasafn Héraðsbúa  
Héraðsskjalasafn Austfirðinga  
Ferðaskrifstofa Austurlands  
Trésmiðja Fljótsdalshéraðs hf  
Skógræktarfélag Austurlands  
Hitaveita Egilsstaða og Fella

### Höfn

Prastarhöll ehf

## ÓVÆNT SKÓGARFURA Í MOSFELLI!



Falleg skógarfura vex áfallalaust í mounum í Mosfelli í Grímsnesi. Mynd: JGP.

Þegar Laufblöðungur var á ferð í Mosfelli í Grímsnesi á dögunum benti Aðalsteinn Sigurgeirsson forstöðumaður á Mógilsá honum á áhugavert fyrirbæri. Skógarfura er að vaxa upp í mounum á nokkrum stöðum og lítur ágætlega út, þar sem annars hafði verið gróðursett rússalerki. Svo virðist sem skógarfurur hafi slæðst með lerkífræinu við plöntuframleiðsluna og plönturnar síðan verið gróðursettar með lerkínu.

Kannski er þarna komin fram, fyrir algera tilviljun, heppileg trúategund fyrir þurr, flatlend mölendi á Suðurlandi!

Lífeyrissparnaður er fjölskyldumál [www.spron.is](http://www.spron.is)

# 21.365.990 kr.

Ef þú ert í lífeyrissparnaði Sparisjóðsins og byrjar að spara 25 ára átt þú 21.365.990 kr. við 65 ára aldur.\*

Farðu á [www.spron.is](http://www.spron.is) og reiknaðu út lífeyrinn þinn í reiknivél Sparisjóðsins.

Trygguðu þér og þínum fjárhagslegt öryggi í framtíðinni. Hafðu samband við þjónustufulltrúa í Sparisjóðnum þínum.

\*m.v. 4% lífeyrissparnað, mánaðartekjur 175.000 kr. og 6% ávöxtun.



# SENDINEFND FRÁ KÍNA HEIMSÆKIR ÍSLAND



*Kínverska sendinefndin ásamt Magnúsi Jóhannessyni, formanni Skógræktarfélags Íslands, í heimsókn á skrifstofu félagsins. Mynd: JGP.*

Nú í vor var hér á ferðinni sendinefnd frá Kína. Í máli þeirra kom fram, að það eru mikil áform í þessu fjölmennasta ríki heims að auka verulega umfang skóglenda landsins.

Yfirvöld í Kína kynntu nýlega áform sem miða að því að tvöfalda umfang skóglenda landsins á næstu 50 árum. Nú þekja skógar um 15% Kína. Samkvæmt áætlunum stjórnvalda eiga þeir að þekja um 19,4% landsins árið 2010, 24% árið 2030 og síðan um 26% árið 2050.

Þessi mikla skógrækt hefur fjölþætt markmið. Stöðvun stórfelldrar jarðvegs- og gróðureyðingar skiptir þar miklu og er til dæmis ætlunin að gróðursetja „grænan Kínamúr“ á um 4500 km löngu beltí á jaðri Gobi eyðimerkurinnar. Skógræktin er einnig hugsuð sem mótvægisáðgerð gagnvart flóðum, sem víða eru afleiðing skógeyðingar í fjöllum landsins. Einnig eru áform um skógrækt til þess að vernda líffræðilegan fjölbreytileika, meðal annars búsvæði sjaldgæfra plantna og dýra. Skógræktaráætlun Kínverja tekur einnig mið af vaxandi þörf á eldivið og trjávið til iðnaðarnota. Þess má geta að skógræktarstarfsmenn í Kína eru nú um 2,54 milljónir!

Í lokin má benda lesendum á áhugaverða vefsíðu um skógrækt í Kína:  
<http://www.forestry.ae.cn>

Þessar upplýsingar um metnaðarfull áform Kínverja í skógrækt ættu að vera okkur Íslendingum hvatning til þess að efla enn skógræktarstarfið í landinu.

## ÞÖKKUM EFTIRTÖLDUM VEITTAN STUÐNING

**Selfoss**  
Búnaðarsamband Suðurlands  
Sorphirðan ehf

**Þorlákshöfn**  
Jarðefnaíðnaður ehf

**Laugarvatn**  
Verslunin H Sel

**Flúðir**  
Ferðaþjónustan Syðra Langholti,  
Flúðafiskur

**Hella**  
Vistheimilið Gunnarsholti

**Hvolsvöllur**  
Jón og Tryggvi hf

**Kirkjubæjarklaustur**  
Geirland og sumarhótelíð  
Hagur ehf  
Skaftárhreppur

**Vestmannaeyjar**  
Framhaldsskólinn í  
Vestmannaeyjum,  
Vestmannaeyjabær

**Gardurinn**  
Hugmyndir að skipulagi og efnisvali

**Bókin um gardinn**  
Ómissandi  
bók um  
gardhönnun  
og skipulag.  
340 litmyndir.

*Gardyrkjuritið  
Sérprentanir  
Fréttabréf*

**Gardyrkjufélag Íslands**  
- félag áhugamanna um ræktun  
Frakkastíg 9, Reykjavík · Sími 552 7721

\* Tré og runnar

\* Fjölær blóm

\* Pottablóm

**Gróðrarstöðin**  
**RÉTTARHÓLL**  
**Svalbarðseyri**

Sími: 461 1660 & 899 8352  
<http://www.rettarholl.is>

\* Flestar tegundir sumarblóma

\* Skógarplöntur í bökkum

\* Lánum gróðursetningaráhöld

Opið alla virka daga frá kl.13-22 og laugardaga og sunnudaga frá kl.10-18

## SKÓGRÆKTARFÓLK Í RAIVOLA Í RÚSSLANDI

Í júní síðastliðnum fór hópur íslensks skógræktarfólks í kynnisferð til Finnlands og Rússlands. Heimsóttur var hinn frægi lerkilundur í Raivola á bökkum Lindulovskaya árinna, skammt utan við St. Pétursborg. Á dögum Péturs mikla Rússakeisara óx flotaveldi Rússa mikið. Til þess að tryggja hráefni í skipasmíðarnar fyrir botni Finnka flóa var að undirlagi Péturs gengist í það að safna lerkífræi af úrvalstrjám norður í Arkhangelskhéraði og gróðursetja þarna nærri ströndinni, en trjáviður lerkisins er sérlega heppilegur til slíkra nota.

Árið 1738, nokkru eftir dauða Péturs mikla, sáði síðan þýski skógræðingurinn Fockel rússalerkífræi í jarðunnið land. Elsti hluti skógarins er því nú 264 ára gamall og hæstu tré liðlega 50 metrar. Stærsti hluti þess rússalerkis sem hefur verið gróðursett í Finnlandi og hér á Íslandi er af Raivola uppruna, þó oftast úr frægörðum þar sem móðurtrén eru af Raivolastofni. Betur verður fjallað um þessa ferð í Skógræktarritinu.



270 ára gömul lerkitré eru orðin býsna væn. Hér sést einn rússneski lerkirisinn í Raivola, um 50 m há. Mynd:JGP.



**STEYPUMÓT**  
FYRIR SUMARBÚSTAÐI



- Steypumót undir sólpallinn og sumarbústaðinn
- Smíðum eftir máli
- Fíjót og góð afgreiðsla

**HAGBLIKK ehf.**  
Smíðjuvegi 4c 200 Kópavogur  
Sími 587 2202 Fax 587 2203

**PWC CONSULTING**

## LÁTTU ÞETTA EKKI BRENNA VIÐ...




HÖLDUM LANDINU RREINU. HIRÐUM STUBBANA.



VÍN BÚÐ  
www.vinbud.is

# Skógrækt er landbúnaður

Landbúnaðarráðuneytið er fagráðuneyti skógræktar



Meginhlutverk Landbúnaðarráðuneytisins er að stuðla að þróttmiklum og sjálfbærum landbúnaði og öflugri matvælaframleiðslu til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur.



Viðamikil skógræktarverkefni eru skipulögð í öllum landshlutum. Markmið þeirra er meðal annars að klæða landið skógi, framleiða timbur og skapa atvinnu.



Í landinu er stunduð margskonar skógrækt af bændum, áhugamannafélögum, fyrirtækjum og einstaklingum.

Landbúnaðarráðuneytið stuðlar að framgangi þeirra verkefna auk þess sem það vinnur að vernd gróðurhulunnar og uppgræðslu foksvæða.



Skógurinn er auðlind sem mun kalla á ný störf á landsbyggðinni og stuðla að fegurri sveitum.

Landbúnaðarráðuneytið